

ENDURSKOÐUNARNEFND

Ár 2025, mánudaginn 1. september var haldinn 331. fundur endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar. Fundurinn var haldinn í Guðrúnartúni 1 og hófst kl. 10:04. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum: Lárus Finnbogason, Einar S. Hálfðánarson og Sigrún Guðmundsdóttir. Einnig sat fundinn Ingunn Ólafsdóttir, starfandi innri endurskoðandi. Fundarritari var Kristín Henley Vilhjálmisdóttir.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram trúnaðarmerkt drög að árshlutareikningi A hluta Reykjavíkurborgar fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2025, trúnaðarmerkt drög að greinargerð B hluta fyrirtækja, trúnaðarmerkt drög að greinargerð fagsviða og trúnaðarmerkt drög að skýrslu fjármála- og áhættustýringarsviðs með árshlutareikningnum. IER25010013

Sigurros Ásta Sigurðardóttir, Jónas Skúlason, Fjóla Þorgerður Hreinsdóttir og Erik Tryggvi Striz Bjarnason taka sæti á fundinum undir þessum lið.

- Klukkan 10:42 tekur Sunna Jóhannsdóttir sæti á fundinum.

Lögð fram svohljóðandi bókun endurskoðunarnefndar:

Endurskoðunarnefnd hefur fengið kynningu á árshlutareikningi samstæðu Reykjavíkurborgar fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2025. Endurskoðunarnefnd þakkar greinargóða kynningu og telur að árshlutareikningurinn sé tilbúinn til framlagningar í borgarráði.

2. Fram fer kynning á niðurstöðum eftirfylgniúttektar Innri endurskoðunar og ráðgjafar á tekjuferli Faxaflóahafna. IER25050003
Ingunn Ólafsdóttir og Magnús Gunnarsson taka sæti á fundinum undir þessum lið.

3. Lögð fram drög að uppfærðri samþykkt fyrir Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar og innri endurskoðanda. IER25030009

Ingunn Ólafsdóttir og Kristín Henley Vilhjálmisdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Samþykkt.

4. Lögð fram drög að uppfærðum starfsreglum fyrir innri endurskoðunarþjónustu hjá Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar. IER25030009

Ingunn Ólafsdóttir og Kristín Henley Vilhjálmisdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Frestað.

- Klukkan 11:46 víkur Ingunn Ólafsdóttir af fundi.

5. Fram fer umræða um ráðningarferli innri endurskoðanda Reykjavíkurborgar.
IER25030010

Lögð fram svohljóðandi bókun endurskoðunarnefndar:

Endurskoðunarnefnd óskar eftir fundi við fyrsta mögulega tækifæri með formanni borgarráðs og skrifstofustjóra borgarstjórnar til þess að fjalla um ráðningu innri endurskoðanda Reykjavíkurborgar.

Fundi slitið kl. 12:07

Lárus Finnbogason

Einar S. Hálfðánarson
Sunna Jóhannsdóttir

Sigrún Guðmundsdóttir